

Þjónustuhandbók  
AA-samtakanna  
á Íslandi



Útgefandi: AA-útgáfan  
<http://www.aa.is>

8. maí 2009

---

# AA-samtökin Alcoholics Anonymous

Stofnuð á Íslandi 16. apríl 1954

AA er félagsskapur karla og kvenna sem samhæfa reyslu sína, styrk og vonir svo þau megi leysa sameiginlegt vandamál sitt og séu fær um að hjálpa öðrum til að losna frá áfengisbölinu.

- Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka
- Inntöku- eða félagsgjöld eru engin, en með innbyrðis samskotum sjáum við okkur efnalega farborða.
- AA-samtökin eru sjálfstæð heild og óháð hvers kyns félagsskap öðrum. Þau halda sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinbera mála. Höfuðtilgangur okkar er að vera ódrukkinn og að styðja aðra alkóhólista til hins sama.
- Enginn getur hætt drykkjuskap nema hann vilji það sjálfur.

---

## Ég er ábyrgur . . .

Þegar einhver biður um hjálp hvar sem hann er staddur, vil ég að útrétt hjálparhönd AA-samtakanna sé þar nærri . . . og ég ber ábyrgð á því.

---

Copyright©2009

AA-útgáfan  
Tjarnagötu 20, 101 Reykjavík  
Sími: 551-2010, Fax: 562-8814  
Tölvupóstur: aa@aa.is

Neyðarsími AA: 895-1050

<http://www.aa.is>

# Efnisyfirlit

<b>1 Þjónustuhandbók</b>	<b>1</b>
1.1 Hvers vegna þjónustuhandbók? . . . . .	1
1.2 Tólf erfðavenjur AA, lengri útgáfan . . . . .	1
1.3 Tólf hugtök AA, lengri útgáfan . . . . .	3
<b>2 AA-samtökin á Íslandi</b>	<b>5</b>
2.1 Uppbygging AA-samtakanna á Íslandi . . . . .	5
2.2 Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar . . . . .	6
<b>3 AA-deild</b>	<b>8</b>
3.1 AA-deildin . . . . .	8
3.2 Að vera í þjónustu . . . . .	8
3.2.1 Þjónustunefnd . . . . .	8
3.2.2 Ábyrgðarmaður/Deildarfulltrúi . . . . .	8
3.2.2.1 Ábyrgðarmaður . . . . .	8
3.2.2.2 Deildarfulltrúi . . . . .	8
3.2.3 Gjaldkeri . . . . .	9
<b>4 Fjármál</b>	<b>10</b>
4.1 Peningar skipta máli . . . . .	10
4.2 Hvað er hæfilegur varasjóður? . . . . .	11
<b>5 Nefndir og Oddamaður</b>	<b>12</b>
5.1 Hverfis- og svæðisnefndir . . . . .	12
5.1.1 Oddamaður . . . . .	12
5.2 Tillaga að fundarformi hverfis- og svæðisnefnda . . . . .	12
<b>6 Hin árlega Landsþjónusturáðstefna</b>	<b>13</b>
6.1 Landsþjónusturáðstefna . . . . .	13
6.1.1 Ráðstefnuupplýsinganefnd . . . . .	13
6.1.2 Ráðstefnuvefnefnd . . . . .	13
6.2 Kjörnefnd . . . . .	13
6.2.1 Hverjir sitja í Kjörnefnd? . . . . .	14
6.3 Milliþinganefnd . . . . .	14
6.3.1 Hverjir sitja í milliþinganefnd? . . . . .	14
<b>7 Landsþjónustunefnd og undirnefndir</b>	<b>15</b>
7.1 Landsþjónustunefnd . . . . .	15
7.1.1 Hvað sitja margir í nefndinni? . . . . .	15
7.1.2 Hverjir sitja í Landsþjónustunefnd? . . . . .	15
7.2 AA-útgáfan . . . . .	15
7.2.1 Hverir sitja í AA-útgáfunni? . . . . .	16
7.3 Skrifstofunefnd . . . . .	16
7.4 Skrifstofan . . . . .	16
7.5 Upplýsinganefnd . . . . .	16

7.5.1	Hverjir sitja í upplýsinganefnd? . . . . .	16
7.6	Vefnefnd . . . . .	17
7.6.1	Hverjir sitja í vefnefnd? . . . . .	17
<b>A</b>	<b>Viðauki</b>	<b>18</b>
A.1	Tólf reynsluspor AA . . . . .	18
<b>B</b>	<b>Viðauki</b>	<b>19</b>
B.1	Tólf erfðavenjur AA, styttri útgáfa . . . . .	19
<b>C</b>	<b>Viðauki</b>	<b>20</b>
C.1	Tólf hugtök AA, styttri útgáfa . . . . .	20

# 1 Þjónustuhandbók

## 1.1 Hvers vegna þjónustuhandbók?

Handbók þessi er sniðinn eftir amerískri fyrirmynd<sup>1</sup> og er ætlað að skýra uppbyggingu og starfsemi AA-samtakanna á Íslandi.

## 1.2 Tólf erfðavenjur AA, lengri útgáfan

*Reynsla AA-samtakanna hefur kennt okkur eftirfarandi:*

1. Hver einstakur AA-félagi er aðeins örlítið brot af stórri heild. AA-samtökin verða að halda áfram að lifa, annars munu flest okkar vissulega deyja. Þess vegna situr sameiginleg velferð okkar í fyrirrúmi. En velferð einstaklingsins fylgir fast á eftir.
2. Deildir AA-samtakanna hafa aðeins einn leiðtoga - algóðan guð - eins og við skynjum hann í samvisku deildarinnar okkar.
3. Aðild að AA-samtökunum ætti að ná til allra, sem þjást að alkóhólisma. Því megum við ekki hafna neinum, sem óskar sér bata. Aðild ætti heldur aldrei að vera háð peningaráðum eða undirgefni. Hvar sem tveir eða þrír alkóhólistar koma saman í þeim tilgangi að vera algáðir, mega þeir kalla sig AA-deild, að því tilskildu að þeir séu, sem deild, óháðir utanaðkomandi aðilum.
4. Í eigin málefnum ættu AA-deildir ekki að vera ábyrgar gagnvart neinu öðru yfirvaldi en eigin samvisku. Þó ættu þær að ráðfæra sig við nágrannadeildir þegar þær hafa eitthvað í hyggju, sem snertir sameiginlega velferð. Engin deild, svæðisnefnd eða einstaklingur ættu nokkru sinni að hefjast handa um neitt, sem kynni að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir AA-samtökin í heild, án samráðs við fulltrúa Allsherjarþjónustunefndar (General Service Board). Í slíkum málefnum gengur hin sameiginlega velferð okkar fyrir öllu.
5. Hver einstök AA-deild ætti að vera andleg eining *með aðeins eitt meginmarkmið*, - að flytja öðrum alkóhólistum, sem enn þjást, boðskap samtakanna.
6. Vandamál í sambandi við fjármuni, eignir og yfirráð geta auðveldlega fjarlæggt okkur hinum upphaflega tilgangi. Við teljum því að öllum umtalsverðum eignum til góðra nota beri að halda og stjórna út af fyrir sig, og skilja þannig hina efnislegu þætti frá hinum andlegu. AA-deildir ættu aldrei að reka viðskipti í eigin nafni. Fylgiskar AA-samtakanna, svo sem klúbbar eða sjúkrahús, sem krefjast mikilla eigna og stjórnsýslu, ættu að vera í formi fyrirtækis eða stofnunar, og þannig frá þeim gengið út af fyrir sig, að AA-deildir geti óhindrað afsalað sér þeim, ef þörf krefur. Slík fyrirtæki ættu því aldrei að nota nafna AA-samtakanna. Stjórn þeirra ætti því eingöngu að vera á ábyrgð þeirra, sem styrkja þau fjáhagslega. Í klúbbum er venjulega talið æskilegt að hafa AA-félaga í forsvari. En sjúkrahús og skyldar stofnanir ættu að vera vel aðgreindar frá AA og vera undir stjórn lækna og sérfræðinga. Þótt AA-deildir geti átt samstarf við hvern sem er, ætti slíkt samstarf aldrei að ganga svo

---

<sup>1</sup>The A.A. Service Manual, 2006-2007 edition

langt, að um aðild eða stuðningsyfirlýsingu sé að ræða, beint eða óbeint. AA-deildir geta ekki skuldbundist neinum.

7. AA-deildir ættu að standa á eigin fótum fjárhagslega með frjálsum framlögum eigin meðlima. Við teljum, að allar deildir ættu sem fyrst að reyna að ná þessu marki; að fjársöfnun fyrir opnum tjöldum í nafni AA-samtakanna sé stórvarhugaverð, hvort heldur sem í hlut eiga AA-deildir, klúbbar, sjúkrahús eða utanaðkomandi aðilar; að óviturlegt sé að þiggja hvers konar stórgjafir eða framlög, sem einhvers konar kvaðir fylgja. Loks lítum við það áhyggjuaugum ef AA-gjaldkerar halda áfram að safna fé í ótilgreindum tilgangi framyfir það, er sæmandi getur talist vegna AA-starfsins. Reynslan hefur oft sýnt okkur fram á, að ekkert er líklegra til að tortíma hinni andlegu arfleifð okkar en fánýtar deilur um eignir, fjármuni og yfirráð.
8. AA-samtökin ættu um aldur og ævi að vera samtök áhugamanna. Launað starf við ráðgjöf í þágu alkóhólista er atvinnumennska samkvæmt okkar skilgreiningu. En við getum ráðið alkóhólista til að vinna af hendi þjónustu, sem annars þyrfti að ráða annað fólk, sem ekki er alkóhólistar, til að gegna. Þvílíka þjónustu má hæglega launa. En hið venjulega tólftasporstarf okkar á aldrei að vera launað.
9. AA-deildir þarfnast þess að vera sem allra minnst skipulagðar. Skiptistjórn er besta leiðin. Litlar deildir geta valið sér ritara, stórar deildir skiptinefndir, og deildir á stórum þéttbýlissvæðum miðnefndir eða svæðisþjónustunefndir (intergroup - SAAS), sem oft hafa ritara í fullu starfi. Stjórnarmeðlimir allsherjarþjónustu okkar (General Service Board) eru í reynd allsherjarþjónustunefnd okkar allra í AA. Þeir eru verndarar AA-erfða okkar og taka á móti frjálsum AA-framlögum, sem standa undir rekstri Allsherjarþjónustuskrifstofu AA í New York. Deildirnar heimila þeim að sjá um allt sem lýtur að samskiptum okkar út á við, og þeir ábyrgjast réttsýni helsta - fréttablaðs okkar, AA Grapevine. Öllum slíkum fulltrúum ber að ganga fram í þjónustuanda, því sannir forustumenn í AA eru aðeins trúir og reyndir þjónar heildarinnar. Titlar þeirra fela ekki í sér nein eiginleg yfirráð; þeir stjórna ekki. Almenn virðing er lykillinn að gagnsemi þeirra.
10. AA-deildir og félagar þeirra ættu aldrei að blanda AA í skoðanir á utanaðkomandi deilum og dægurþrasi - einkum þegar um er að ræða stjórnsmál, umbætur í áfengismálum eða málefni sértrúarflokka. AA-deildir ganga ekki í berhögg við neinn. Í þvílíkum málum geta þær alls enga skoðun látið í ljós.
11. Samskipti okkar við almenning ættu að einkennast af persónulegri nafnleynd. Við teljum, að AA-samtökin ættu að forðast æsikenndar kynningarferðir. Nöfn og myndir af okkur ættu ekki að koma fram í útvarpi, kvikmyndum eða á prenti, þegar um málefni AA er að ræða. Afstaða okkar út á við ætti að byggjast fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri. Við þurfum aldrei að hæla sjálfum okkar. Við teljum vænlegra að láta vini okkar mæla með okkur.
12. Tólfta og að endingu, við í AA-samtökunum trúum að nafnleyndarreglan hafi gífurlegt andlegt gildi. Hún minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag; að okkur beri að temja okkur sanna auðmýkt. Hún er til þess að hinar miklu guðsgjafir stígi okkur ekki til höfuðs; til þess að við lifum ætíð í þakklátri íhugun um Hann, sem ríkir yfir okkur öllum.

### 1.3 Tólf hugtök AA, lengri útgáfan


1. Endanleg ábyrgð og algert vald yfir heimsþjónustu AA ætti ávallt að liggja í sameiginlegri samvisku félagsskaparins í heild sinni.
2. Árið 1955, þegar AA deildirnar staðfestu stofnskrá ráðstefnunnar og veittu allsherjarþjónusturáðstefnunni sérréttindi sín, fól sú yfirlýsing í sér algert vald ráðstefnunar yfir virkri umsjón fyrir heimsþjónustur og gerði þar með ráðstefnuna – fyrir utan allar breytingar á erfðavenjunum tólf eða á grein 12 í stofnskrá ráðstefnunnar – hina raunverulegu rödd og hina virku samvisku félagsskapar okkar í heild sinni.
3. Sem hefðbundin leið til að vekja og viðhalda einfaldri og víxlverkandi skilgreiningu á milli deildanna, ráðstefnunnar, allsherjarþjónustunefndar AA og hinna ýmsu samstarfsaðila hennar í þjónustu, starfsfólks, nefnda og stjórnenda, og tryggja þannig árangursríka stjórnun, er hér bent á að við veitum hverjum þessara málaliða heimsþjónustunnar hefðbundinn *rétt til ákvarðana*.
4. Hvarvetna í ráðstefnuformgerð okkar, ættum við að viðhalda, alls staðar þar sem ábyrgð er, hefðbundnum *rétti til þátttöku*, og tryggja þannig að hver flokkur eða deild þjóna okkar á heimsvísu hafi umboðsrétt í sanngjörnu hlutfalli við ábyrgðina sem hver um sig þarf að leysa af hendi.
5. Hvarvetna í formgerð heimsþjónustu okkar, ætti hefðbundinn *réttur til áfrýjunar* að ríkja, og tryggja þannig að álit minnihlutans fái áheyrn og að málaleitanir séu gerðar við að ráða bót á persónulegum gremjuefnum og þau vandlega tekin til greina.
6. Að hálfu AA sem heildar, hefur allsherjarþjónusturáðstefnan okkar megin ábyrgð og umsjón á heimsþjónustu okkar, og hefur samkvæmt hefðinni endanlega ákvörðun í málum er varða stærri málefni almennra stefnumála og fjárhag. En ráðstefnan viðurkennir einnig að aðal frumkvæðið og hin virka ábyrgð í flestum þessara mála ætti fyrst og fremst að vera í framkvæmd stjórnarmeðlima ráðstefnunnar þegar þeir starfa sem allsherjarþjónustunefnd Alcoholics Anonymous.
7. Ráðstefnan viðurkennir að stofnskráin og aukasamþykktir allsherjarþjónustunefndarinnar séu lögmæt verkfæri: Að stjórnarmeðlimir séu þess vegna með fullt vald til að stjórna og stýra öllum erindum er varða heimsþjónustu Alcoholics Anonymous. Við nánari skilning er ljóst að stofnskrá ráðstefnunnar er ekki, í sjálfu sér, lögræðileg heimild: að hún treystir frekar á afl hefðarinnar og getu AA sjóðsins til endanlegrar virkni.
8. Stjórnarmeðlimir allsherjarþjónustunefndarinnar starfa á tveim megin forsendum: (a) Með tilliti til stærri mála er varða málefni almennra stefnumála og fjárhag, þeir eru aðal skipuleggjendurnir og umsjónarmennirnir. Þeir og aðalnefndir þeirra stjórna þessum málum beint. (b) En með virðingu fyrir sérstakri stjórnunarframkvæmd okkar, stöðugt virkri þjónustu, er ábyrgð stjórnarmeðlimanna fyrst og fremst falin í að eiga fullan trúnað og að hafa yfirsýn gæslumannsins, sem þeir svo sýna með hæfi sínu og viðvist til að kjósa stjórnendur fyrir alla þessa málaflokka.

9. Góðir þjónustuleiðtogar, sem og markviss og viðeigandi aðferð við að velja þá, eru á öllum stigum ómissandi fyrir virkni okkar og velferð í framtíðinni. Helsta forysta heimsþjónustunnar, sem eitt sinn var í höndum stofnenda AA, hlýtur því af nauðsyn að liggja hjá stjórnarmeðlimum allsherjarþjónustunefndar Alcoholics Anonymous.
10. Allri þjónustuábyrð ætti að fylgja sambærilegt þjónustuvald. Umfang slíks valds á ávallt að vera skýrt skilgreint, hvort heldur er út frá venju, ályktun, ákveðinni starfslýsingu eða af viðeigandi stofnskrársamþykkt eða aukasamþykktum hennar.
11. Á meðan stjórnarmeðlimirnir bera endanlega ábyrgð á framkvæmdum innan heimsþjónustu AA, ættu þeir alltaf að fá bestu hugsanlegu aðstoð frá fastanefndum, forráðamönnum allsherjarþjónustu, framkvæmdastjórum, starfsfólki og öðrum ráðgjöfum. Þess vegna er grundvöllurinn sem liggur að baki þessara nefnda og þjónusturáða, persónuleg hæfni meðlima þeirra, hvernig þeir innsetja sig í þjónustuna, hvernig þeir víxla og skipta út hlutverkum, á hvaða hátt þeir tengjast öðrum, sérréttindi og skyldur framkvæmdastjóra okkar, starfsfólks, og annara ráðgjafa, ásamt því að hafa grundvöll fyrir viðeigandi fjárhagslega þóknun handa þessu ákveðna aðstoðarfólki, sá að þeir annist ávallt vel og af umhyggju þau málefni er að þeim snúa.
12. Allsherjartilskipun ráðstefnunnar: í öllum sínum framgangi skal allsherjarþjónusturáðstefnan tileinka sér anda AA erfðavejanna, passa vel upp á að ráðstefnan verði aldrei staður fyrir vafasaman auðsöfnuð eða völd; að handbært fé plús hæfilegur varasjóður sé skynsamlegur fjárhagur hennar; að engir meðlimir ráðstefnunnar skuli nokkurn tíma settir í stöðu sem hefur algert vald yfir öðrum meðlimum; að allar mikilvægar ákvarðanir fáiist með umræðu, kosningum og, þegar mögulegt er, umtalsverðum meirihluta eða einróma samþykki; að engin ákvörðun ráðstefnunnar sé persónulega refsandi eða hvetji til opinberra ágreiningsmála; að, þó ráðstefnan geti þjónustað fyrir Alcoholics Anonymous, ætti hún aldrei að gera neitt sem talist gæti stjórnnunarframkvæmd; og að eins og félagsskapurinn Alcoholics Anonymous sem hún þjónar, mun ráðstefnan ætíð verða lýðræðisleg í hugsun og framkvæmd.

## 2 AA-samtökin á Íslandi

### 2.1 Uppbygging AA-samtakanna á Íslandi

Til að gæta jafnvægis milli framkvæmda og ákvarðana er æskilegt að stöðug samskipti séu milli allra stiga í þjónustufyrirkomulaginu. Á mynd 2 sést uppbygging á þjónustufyrirkomulagi AA-samtakanna á Íslandi.



AA-félagar, AA-deildir og hverfis- og svæðanefndir geta hvenær sem er, leitað til skrifstofunnar og Landþjónustunefndar.

Mynd 1: Uppbygging AA-samtakanna á Íslandi.

## 2.2 Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar

Reynslan hefur sýnt okkur að eining er eitt af þeim grundvallaratriðum sem velferð AA-samtakanna byggir á. Því ættum við ætíð að leitast við að leiða öll mál til lykta með umræðum og málmíðlunum sem leiða til lausnar á grundvelli sameiginlegra hagsmuna okkar allra. Í þeim tilfellum þar sem ekki er hjá því komist að beita kosningum ætti að hafa kosninga aðferð þriðju arfleifðarinnar í huga.

*Þriðja arfleifðinn* er sérstök aðferð við kosningar, sem er aðallega notuð þegar valdir eru oddamenn (delegates) hverfis- og svæðisnefnda og fulltrúar í stjórn (regional and at-large trustees). Þessi aðferð er talin einstök hjá AA-samtökunum og við fyrstu sýn virðist hún fela í sér mikið svigrúm fyrir tilviljun í málefnum þar sem dómgreind meirihlutans eigi að ráða. Reyndin hefur þó verið sú að þessi aðferð hefur dugað mjög vel til að draga úr áhrifum klofningsbrota eða hópa sem ávallt virðast vera til staðar þar sem pólitik er. Smölun (railroading) handa einhverjum ákveðnum frambjóðanda er mjög erfið, ef ekki óframkvæmanleg, vegna þess að mjög margir eru í framboði. Þá er ekki síður mikilvægt, að sá sem hafnar í öðru sæti, sem kann að vera mjög hæfur en hefur ekki notið mikils fylgis í upphafi ferlisins, er hvattur til að halda framboði sínu til streitu.<sup>2</sup>

Aðferð í anda þriðju arfleifðar er svona:

- Nöfn þeirra frambjóðenda sem koma til greina eru sett upp á töflu. Allir kosningabærir (í svæðis- eða hverfisnefnd, eða á ráðstefnu) kjósa. Þeir mega einungis skrifa eitt nafn á miðann. Atkvæði hvers frambjóðanda eru birt á töflunni.
- Sá frambjóðandi sem er fyrstur til að fá tvo þriðju hluta atkvæða er kjörinn.
- Eftir seinni umferð kosninganna byrja frambjóðendur að draga framboðið til baka. Ef einhver hefur minna er fimmtung (20%) atkvæða er hann sjálfkrafa úr leik - nema ef hann er með næstflest atkvæði (verða að vera tveir til að velja um). (Ef það er jafnt hjá þeim sem skipa annað sætið, þá halda báðir (eða fleiri) framboði sínu til streitu.)
- Eftir þriðju umferð eru þeir úr leik sem hafa minna en þriðjung atkvæða, nema sá (eða þeir) sem skipa annað sætið. (Ef það er jafnt hjá þeim sem skipa annað sætið, þá halda báðir (eða fleiri) framboði sínu til streitu.)
- Ef enginn er með tvo þriðju hluta atkvæða eftir fjórðu umferð, er sá frambjóðandi sem fæst atkvæði hefur, sjálfkrafa úr leik, nema hann sé í öðru sæti. Ef það er jafnt hjá þeim sem skipa annað sætið, þá halda báðir (eða fleiri) framboði sínu til streitu. Þegar hér er komið sögu, biður fundarstjóri um að fá að halda fimmtu umferð kosninga. Ef því er hafnað þá eru nöfnin sett í "hattinnog það nafn sem er dregið er fyriri valinu (sjá neðst á bls. 20). Ef tillagan er samþykkt, með einföldum meirihluta, þá fer fimmta umferð fram.
- Ef enginn er með tvo þriðju hluta eftir fimmtu umferð þá er gripið til hattarins og dregið um það hver fær embættið. Þegar hér er komið sögu eru frambjóðendurnir tveir. Ef það er jafnt þá eru þeir sem eru jafnir allir með.


---

<sup>2</sup>The A.A. Service Manual, 2006-2007 edition, bls: S20 - S21.

- Sá sem telur atkvæðin sér um að draga úr hattinum. Fyrsta nafnið úr hattinum er sá sem fær embættið sem kosið er um.

**Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar**

**UMFERÐ**



Mynd 2: Flæðirit af þriðju arfleifðinni.

## 3 AA-deild

### 3.1 AA-deildin

Til að teljast AA-deild starfar deildin samkvæmt 12 erfðavenjum AA-samtakanna.

### 3.2 Að vera í þjónustu

Að vera í þjónustu er það kallað þegar AA-félagi hefur verið kosinn af samvisku viðkomandi AA-deildar til að leysa af hendi ýmis þjónustustörf innan deildarinnar.

#### 3.2.1 Þjónustunefnd

Þjónustunefnd er að jafnaði skipuð 3 eða fleiri AA-félögum, allt eftir stærð viðkomandi deildar. Þjónustunefndin leysir af hendi hin ýmsu störf innan deildarinnar. Einn nefndarmaður er t.d. ábyrgðarmaður eða deildarfulltrúi, annar gjaldkeri, þriðji ritari og fjórði þjónustumaður. Sameiginlega eða eftir nánara samkomulagi undirbúa nefndarmenn AA-fundi og taka til eftir þá.

#### 3.2.2 Ábyrgðarmaður/Deildarfulltrúi

Hver deild kys hvort hún hafi starfandi ábyrgðarmann eða deildarfulltrúa. Hefð er fyrir stöðu ábyrgðarmanns í AA-samtökunum á Íslandi en í seinni tíð hefur færst í vöxt að deildarfulltrúi (General Service Representative, G.S.R.)<sup>3</sup> sinni þessu starfi. Við val á ábyrgðarmanni og/eða deildarfulltrúa bera að hafa í huga að æskilegt er að þeir sem sitja landsþjónusturáðstefnuna hafi a.m.k. 3 ára samfellda edrúmennsku, samanber kafla 6.1.

##### 3.2.2.1 Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður heldur utan um starf viðkomandi AA-deildar í samvinnu við aðra í þjónustunefndinni. Hann sér um að þjónustunefndin sé fullmönnuð og að AA-bækur og AA-bæklingar séu ætíð til staðar.

Hann er tengiliður við skrifstofu AA-samtakanna, svæðisnefnd og situr Landsþjónusturáðstefnuna fyrir hönd deildarinnar, ef deildarfulltrúi er ekki til staðar. Hann tekur á mótí pósti frá AA-samtökunum og kynnir fyrir deildinni. Æskilegt er að kjörgengir sem ábyrgðarmenn séu þeir AA-félagar sem hafa a.m.k. 2 ára samfellda edrúmennsku.

##### 3.2.2.2 Deildarfulltrúi

Deildarfulltrúi AA-deildar er tengiliður deildarinnar við AA-samtökin. Hann er rödd samvisku deildarinnar, hvort sem er á fundum hverfis- og/eða svæðisnefnda eða á Landsþjónusturáðstefnu.

Hann kynnir sér 12 erfðavenjur og 12 hugtök AA-samtakanna, t.d. með lestri bóka og bæklinga sem snúa að AA-deildinni, erfðavenjunum og hugtökunum.

Hann flytur heimadeild sinni upplýsingar um það sem er að gerast í starfi AA-samtakanna, sem byggir á **Einingu, Bata og Þjónustu**.

---

<sup>3</sup>The A.A. Service Manual, 2006-2007 edition, bls: S24 - S25.

Hann tekur við pósti frá AA-samtökunum og kynnir fyrir deildinni. Hann kynnir deildinni AA-bækur, AA-hljóðbækur og AA-bæklinga sem útgáfunefnd AA-samtakanna gefur út og fást keypt á skrifstofu AA-samtakanna.

Með því að velja hæfasta einstaklinginn sem deildarfulltrúa getur viðkomandi deild lagt sitt að mörkum til að tryggja eigin framtíð og framtíð AA-samtakanna.

Æskilegt er að kjörgengir sem deildarfulltrúar séu þeir AA-félagar sem hafa a.m.k. 2 ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir deildina og/eða AA-samtökin. Æskilegt er að deildarfulltrúi gegni ekki starfinu lengur en í 2 ár samfellt.

#### 3.2.3 Gjaldkeri

Gjaldkeri heldur utan um fjármál viðkomandi AA-deildar. Hann stofnar bankareikning og færir einfalt bókhald. Hann safnar saman því sem kemur í pottinn á fundum. Greiðir t.d. húsleigu, kaffi og þess háttar, AA-bækur, AA-bæklinga, framlög til landsþjónustunefndar, hverfis- og svæðisnefnda, sem og annan kostnað við starfsemina.

## 4 Fjármál

Starfi AA-samtakanna hefur ætíð fylgt kostnaður og má þar nefna t.d. að kaupa kaffi, borga húsaleigu eða standa undir rekstri AA-skrifstofunnar. Undir þessum kostnaði hefur verið staðið með samskotum til þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði deilda og samtakanna í heild sinni.

### 4.1 Peningar skipta máli

Peningar sem safnast í pottinn á fundum eru notaðir til reksturs viðkomandi deildar. Peninga sem umfram eru nýtast til þess að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna, samanber:

Til þess að styðja nauðsynlega þjónustu samtakanna, leggur landsþjónusturáðstefnan til að upplýst samviska einstakra deilda setji upp greiðsluáætlun sem hentar viðkomandi deild. Eftir að borgað hefur verið fyrir rekstur deildarinnar og komið hefur verið upp varasjóði til að mæta óvæntum kostnaði (sjá nánar um varasjóð hér að neðan) getur deildin flutt boðskapinn frekar með því að senda peninga til þjónustueininga AA-samtakanna.<sup>4</sup>

Þjónustueiningar AA-samtakanna á Íslandi eru tvær. Mikilvægt er að styðja Landsþjónustunefnd, sem sér um rekstur AA-skrifstofunnar og útgáfu AA-tengds efnis í gegnum útgáfunefnd. Einnig er unnt að greiða inn á reikning hverfis- eða svæðisnefnda, sem er svæðisbundinn samstarfsvettvangur AA deilda. Margar deildir láta einnig fé rakna til samstarfsnefnda<sup>5</sup> þar sem þær eru starfandi. Reynst hefur vel að deildir geri upp fjárhaginn í lok hvers mánaðar og skipta tekjum umfram rekstur á ofangreinda aðila, t.d. 80% til landsþjónustunefndar, 10% til hverfisnefndar og 10% til samstarfsnefndar.

Eins og Bill W. orðaði það árið 1957:

Andlegri lífstefnu okkar er haldið til haga fyrir komandi kynslóðir er við, sem samtök, stöndumst þá freistingu að taka við peningum að utan. En þetta leggur okkur skyldur á herðar. Skyldur sem hver félagi ætti að skilja. Við megum ekki vera nísk þegar gjaldkeri deildarinnar lætur pottinn ganga. AA-deildir, þjónustunefndir, og AA-samtökin í heild sinni munu ekki starfa nema þjónustan sé fullnægjandi og reikningar greiddir. Þegar við stöndumst þá freistingu að taka við stórum gjöfum erum við aðeins að sýna skynsemi. En þegar við erum örlát við pottinn erum við að lýsa á táknrænan hátt þakklæti okkar fyrir það sem okkur hefur verið gefið og gefum til kynna vilja til að deila því sem okkur hefur hlotnast með þeim sem enn þjást.<sup>6</sup>

---

<sup>4</sup>Self-Support: Where Money and Spirituality Mix, bls.7

<sup>5</sup>Staðbundnar samstarfsnefndir eru 5 í dag og er Samstarfsnefnd AA-deilda á stór Reykjavíkursvæðinu (SAAS) þeirra stærst, sjá <http://www.saas.is>.

<sup>6</sup>Self-Support: Where Money and Spirituality Mix, bls.5

### 4.2 Hvað er hæfilegur varasjóður?

Æskilegt er að hver AA-deild, hverfis- eða svæðisnefnd eigi ekki meira fjármagn en því sem nemur þriggja mánaða rekstri, einnig að landsþjónustunefnd eigi ekki meira fjármagn en því sem nemur 1 árs rekstri skrifstofunnar. Vísað er til 4. erfðavenjunnar um að deildir/nefndir séu sjálfráða og geta því sett sér starfsreglur um fjármál sjálfar.

## 5 Nefndir og Oddamaður

### 5.1 Hverfis- og svæðisnefndir

Hverfis- og/eða svæðisnefnd samanstendur af 5 - 20 AA-deildum. Í þéttbýli eru hverfisnefndir en í dreifbýli eru svæðisnefndir.<sup>7</sup> Á hverfis- og svæðisnefndafundum hittast kjörnir deildarfulltrúar og ræða sameiginleg málefni deildanna innan viðkomandi hverfis eða svæðis.

Megintilgangur hverfis- og svæðisnefnda er að vera umræðugrundvöllur og svæðisbundin samviska AA-deilda. Ályktanir hverfis- og svæðisnefnda endurspeglar skoðanir deildanna sem mynda hverfið og/eða svæðið og eru þannig þáttur í samvisku AA-samtakanna sem fram kemur í ályktunum landsþjónusturáðstefnunnar.<sup>8</sup>

#### 5.1.1 Oddamaður

Hver hverfis- og svæðisnefnd kýs sér oddamann úr hópi deildarfulltrúa, sem starfar í tvö ár í senn. Oddamaður nefndarinnar starfar þá ekki lengur sem deildarfulltrúi sinnar heimadeildar, heldur sinnir eingöngu starfi oddamanns. Æskilegt er að kjörgengir sem oddamenn hafi a.m.k. 3 ára samfellda edrúmennsku. Oddamenn hverfis- og svæðisnefnda mæta á landsþjónusturáðstefnu sem fulltrúar viðkomandi hverfis- og svæðisnefnda.

### 5.2 Tillaga að fundarformi hverfis- og svæðisnefnda

Dagskrá fundar:

1. Þögn og æðruleysisbæn
2. Kynning deildarfulltrúa
3. Kynning á Hugtökum og Þjónustuhandbók
4. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
5. Skýrslur þjóna svæðisnefndar (oddamaður, gjaldkeri og ritari)
6. Skýrslur nefnda
7. Sérstakir gestir
8. Skýrslur deilda
9. Gömul mál
10. Ný mál
11. AA tilkynningar
12. Slitið með æðruleysisbæn

---

<sup>7</sup>Það landssvæði sem hverfi tekur yfir er mjög mismunandi eftir þéttleika deilda. Þannig getur eitt þjónustuhverfi verið myndað af öllum deildum í einu klúbbhúsi á þéttbýlisstöðum eða öllum deildum á stóru landsvæði í dreifbýli.

<sup>8</sup>Frekari upplýsingar um hverfisnefnd á <http://www.hverfisnefndaa.is>.

## 6 Hin árlega Landsþjónusturáðstefna

### 6.1 Landsþjónusturáðstefna

Um miðjan maí ár hvert er kölluð saman landsþjónusturáðstefna þar sem málefni AA-samtakanna eru rædd.

Rétt til setu eiga þeir sem sitja í landsþjónustunefnd, þeir sem kjörnefnd hefur tilnefnt til setu í LPN, oddvitar allra nefnda, starfsmaður skrifstofu, ábyrgðarmenn og/eða deildarfulltrúar allra AA-deilda, og 1 fulltrúi frá hverri samstarfsnefnd.<sup>9</sup>

Reynslan hefur sýnt að þeir sem eru hæfastir til starfa á landsþjónusturáðstefnunni hafa a.m.k. 3 ára samfelldan edrútíma, auk þess að hafa haldgóða þekkingu á uppbyggingu og starfsemi AA-samtakanna. Á ráðstefnunni leggur landsþjónustunefnd fram skýrslu um störf sín frá liðnu ári og reikninga starfsársins (sem er frá 1. maí til 30. apríl). Einnig eru lagðir fram ársreikningar AA-útgáfunnar, sem eru fyrir almanaksárið.

Ráðstefnan staðfestir tilnefningar kjörnefndar um setu nýrra fulltrúa í landsþjónustunefnd.

Ráðstefnan kys fulltrúa í kjörnefnd, millipinganefnd ef þörf er á, upplýsinganefnd, ráðstefnuupplýsinganefnd og ráðstefnuvefnefnd. Ritun er fundargerð ráðstefnunnar og er hún sett á vefsíðu AA-samtakanna (<http://www.aa.is>).

#### 6.1.1 Ráðstefnuupplýsinganefnd

Ráðstefnuupplýsinganefnd starfar eingöngu við landsþjónusturáðstefnuna. Nefndinni er ætlað að fara yfir og kynna þjónustuhandbækur upplýsinganefnda, þar sem lögð er áhersla á erfðavenjurnar. Nefndin ræðir leiðir til að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap AA-samtakanna. Í nefndinni sitja 10 fulltrúar, 2 sem upplýsinganefnd skipar, 1 sem vefnefnd skipar, 5 frá hverfis- og svæðisnefndum og 2 sem kosnir voru á landsþjónusturáðstefnunni árinu áður. Enginn AA-félagi má sitja lengur í ráðstefnuupplýsinganefnd en 2 ár samfellt.

#### 6.1.2 Ráðstefnuvefnefnd

Ráðstefnuvefnefnd starfar eingöngu við landsþjónusturáðstefnunna. Nefndinni er ætlað að fara yfir heimasíðu AA-samtakanna (<http://www.aa.is>) með það að leiðarljósi að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna. Í nefndinni sitja 5 fulltrúar, 1 sem upplýsinganefnd skipar, 2 sem vefnefnd skipar og 2 sem kosnir voru á landsþjónusturáðstefnunni árinu áður. Enginn AA-félagi má sitja lengur í ráðstefnuvefnefnd en 2 ár samfellt.

## 6.2 Kjörnefnd

Hlutverk kjörnefndar landsþjónustu er að tilnefna fulltrúa til setu í landsþjónustunefnd í stað þeirra sem víkja úr nefndinni. Áður skal öllum AA-deildum gefinn kostur að tilnefna einn fulltrúa og þurfa tilnefningar að hafa borist til skrifstofunnar fyrir 1. mars ár hvert. Tilnefningar kjörnefndar munu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Kjörnefnd lýkur störfum þegar tilnefningar hennar hafa verið samþykktar á landsþjónusturáðstefnunni.

---

<sup>9</sup>Staðbundnar samstarfsnefndir eru 5 í dag og er Samstarfsnefnd AA-deilda á stór Reykjavíkursvæðinu (SAAS) þeirra stærst, sjá <http://www.saas.is>.

### 6.2.1 Hverjir sitja í Kjörnefnd?

Í kjörnefnd sitja 7 fulltrúar, 6 AA-félagar og 1 ei-alki. Landsþjónustunefnd skipar 2 og ei-alkann, og einn þeirra er oddviti nefndarinnar. Landsþjónusturáðstefnan kýs 4 fulltrúa. Fulltrúar í kjörnefnd eru tilnefndir árlega til eins árs í senn. Enginn kjörnefndarmaður má tilnefna sjálfan sig. Enginn getur setið lengur í kjörnefnd en 4 ár samfelld. Kjörgengir eru AA-félagar sem hafa a.m.k. 5 ára samfellda edrúmennsku og verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin, svo og ei-alkar sem sitja eða hafa setið í landsþjónustunefnd.

### 6.3 Millipinganefnd

Á landsþjónusturáðstefnu getur meirihluti ráðstefnugesta sett á laggirnar millipinganefnd. Millipinganefnd starfar þar með í umboði ráðstefnunnar. Meirihluti ráðstefnugesta getur vísað til millipinganefndar sérstökum málum sem ekki heyra undir störf Landsþjónustunefndar eða annarra nefnda sem undir hana heyra. Millipinganefnd gerir síðan grein fyrir málsniðurstöðum á næstu landsþjónustu-ráðstefnu á eftir og lýkur þar með störfum.

#### 6.3.1 Hverjir sitja í millipinganefnd?

Í millipinganefnd sitja 7 fulltrúar. Landsþjónusturáðstefnan kýs 4 og Landsþjónustunefnd skipar 3. Kjörgengir til setu í millipinganefnd eru AA-félagar sem hafa víðtæka þekkingu á uppbyggingu AA-samtakann, 12 erfðavenjum og 12 hugtökum samtakanna, hafa verið virkir í starfi fyrir samtökin og hafa a.m.k. 5 ára samfellda edrúmennsku.

## 7 Landsþjónustunefnd og undirnefndir

### 7.1 Landsþjónustunefnd

Hlutverk landsþjónustunefndar (LPN) er eftirfarandi:

- Standa vörð um erfðavenjur, hugtök og reynsluspor AA-samtakanna.
- Hafa umsjón með eigum AA-samtakanna.
- Reka skrifstofu í Reykjavík.
- Skipa nefndir sem sinna sérstökum verkefnum innan AA-samtakanna.
- Kalla saman og undirbúa landsþjónusturáðstefnu.

#### 7.1.1 Hvað sitja margir í nefndinni?

Í Landþjónustunefnd sitja 12 fulltrúar, 9 aðalmenn og 3 varamenn. Einn af aðalmönnum skal vera öldungur og 3 skulu vera ei-alkar. Aðalmaður er kosinn til tveggja ára og má tilnefna að nýju sem aðalman til tveggja ára.

Varamaður er kosinn til eins árs og má ekki tilnefna hann að nýju sem varamann.

Öldungur er AA-félagi sem áður hefur setið sem aðalmaður í landsþjónustunefnd. Öldungur er kosinn sem aðalmaður í tvö ár og má ekki tilnefna hann að nýju.

Ei-alkar sitja í eitt ár í senn. Þá má tilnefna að nýju ef þeir gefa kost á því.

Enginn AA-félagi má sitja lengur en 4 ár samfellt sem aðalmaður, enginn lengur en 5 ár samfellt sem varamaður og aðalmaður, og enginn lengur en 7 ár sem varamaður, aðalmaður og öldungur. Æskilegt er að ei-alki sitji ekki lengur en 7 ár.

Á fyrsta fundi nýskipaðrar landsþjónustunefndar skiptir nefndin með sér verkum, kýs oddvita, gjaldkera og ritara úr sínum hópi.

#### 7.1.2 Hverjir sitja í Landsþjónustunefnd?

Kjörgengir fulltrúar til setu í landsþjónustunefnd eru AA-félagar sem hafa a.m.k. 5 ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin. Kjörgeir ei-alkar eru einstaklingar sem eru vinveittir AA-samtökunum.

## 7.2 AA-útgáfan

AA-útgáfan er undirnefnd landsþjónustunefndar. Hlutverk AA-útgáfunnar er eftirfarandi:

- Annast þýðingu á AA-efni og að bataleið AA-samtakanna komist vel til skila.
- Sjá um útgáfu og dreifingu AA-bóka og AA-bæklinga.
- Halda utan um og tryggja höfunda- og útgáfurétt.
- Hafa umsjón með rekstri og eigum AA-útgáfunnar.

### 7.2.1 Hverir sitja í AA-útgáfunni?

Í AA-útgáfunni sitja 5 fulltrúar sem landsþjónustunefnd skipar og er hver þeirra kosinn til þriggja ára. Enginn AA-félagi má sitja lengur en 6 ár. Kjörgengir fulltrúar eru AA-félagar sem hafa a.m.k. 10 ára samfellda edrúmennsku, hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin og hafa reynslu af rekstri fyrirtækja og/eða útgáfumálum.

### 7.3 Skrifstofunefnd

Hlutverk skrifstofunefndar er að aðstoða starfsmann skrifstofunnar í sumarfrí landsþjónustunefndar við ákvarðanatöku í málum sem snerta AA-samtökin og rekstur skrifstofunnar. Í skrifstofunefnd sitja 4 fulltrúar, þar á meðal oddviti og gjaldkeri landaþjónustunefndar, einn frá AA-útgáfunni og einn sem landsþjónustunefndin skipar.

### 7.4 Skrifstofan

Skrifstofa AA-samtakanna er þjónustu- og samskiptamiðstöð fyrir AA-félaga, AA-deildir og hverfis- og svæðisnefndir.

Framlög AA-deilda og AA-útgáfu til landsþjónustunefndar standa undir rekstri skrifstofunnar.

Skrifstofan annast dreifingu og sölu AA-bóka og AA-bæklinga og færir bókhald landsþjónustunefndar og AA-útgáfunnar.

Skrifstofan gefur reglulega út endurskoðaða fundaskrá á pappír og á vefsíðu AA-samtakanna, (<http://www.aa.is>).

Skrifstofan leitast við að halda skrá yfir ábyrgðarmenn og deildarfulltrúa allra AA-deilda.

Skrifstofan er tengiliður AA-félaga og AA-deilda við landsþjónustunefnd.

Skrifstofan er til húsa að Tjarnargötu 20, 101 Reykjavík, sjá nánari upplýsingar á (<http://www.aa.is>).

### 7.5 Upplýsinganefnd

Upplýsinganefnd er undirnefnd landsþjónustunefndar. Hlutverk upplýsinganefndar er að styðja staðbundnar upplýsinganefndir í starfi þeirra, miðla þeim og leiðbeina beint eða óbeint af reynslu, ekki síst með tilliti til erfðavenja. Þetta felur m.a. í sér að útvega þeim upplýsingarefni til dreifingar, þar sem það á við.

Fyrir utan upplýsingarnefnd LÞN starfa staðbundnar upplýsinganefndir, sem eru skipaðar af samstarfsnefndum og/eða hverfis- og svæðisnefndum, til þess að mynda og halda tengslum við fagfólk á staðnum (heilsugæslulækna, sjúkrahúslækna, presta, löggæslu, stjórnendur skóla o.s.frv.) og stjórnendur stórra vinnustaða.

Oddamenn staðbundinna upplýsinganefnda starfa í nánu samstarfi við upplýsinganefnd LÞN.

#### 7.5.1 Hverjir sitja í upplýsinganefnd?

Í upplýsinganefnd sitja 7 fulltrúar, 2 sem landsþjónustunefnd skipar og er annar þeirra ei-alki, 1 sem er skipaður af AA-útgáfunni, 4 sem kostnir eru á landsþjónusturáðstefnu

og skal árlega kjósa tvo fulltrúa til tveggja ára í senn. Enginn AA-félagi má sitja lengur í upplýsinganefnd en 4 ár samfelld.

Æskilegt er að kjörgengir fulltrúar til setu í upplýsinganefnd séu AA-félagar sem hafa a.m.k. 5 ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin.

Upplýsinganefnd skipar 2 úr sínum hópi til að sitja í ráðstefnuupplýsinganefnd og skipuleggur störf þeirrar nefndar frekar.

### 7.6 Vefnefnd

Vefnefnd er undirnefnd landsþjónustunefndar. Hlutverk vefnefndar er að standa vörð um heimasíðu AA-samtakanna (<http://www.aa.is>) og aðstoða landsþjónustunefnd við að koma efni inn á heimasíðuna. Vefnefnd ber ábyrgð á að efni sem sett er á heimasíðuna sé viðurkennt AA-efni.

#### 7.6.1 Hverjir sitja í vefnefnd?

Í vefnefnd sitja 3 fulltrúar sem landsþjónustunefnd skipar og er starfsmaður skrifstofu einn þeirra. Nefndarmenn eru skipaðir til tveggja ára í senn. Enginn AA-félagi má sitja lengur í vefnefnd en 4 ár samfelld.

Æskilegt er að kjörgengir fulltrúar til setu í vefnefnd séu AA-félagar sem hafa a.m.k. 5 ára samfellda edrúmennsku, hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin og hafa góða tölvukunnáttu.

Vefnefnd skipar 2 fulltrúa úr sínum hópi til að sitja í ráðstefnuvefnefnd og skipuleggur störf þeirrar nefndar frekar.

## A Viðauki

### A.1 Tólf reynsluspor AA

Hér eru sporin sem við stigum og bendum á leið til bata:

1. Við viðurkenndum vanmátt okkar gagnvart áfengi og að við gætum ekki lengur stjórnad eigin lífi.
2. Við förum að trúna að máttur okkur æðri gæti gert okkur andlega heilbrigð að nýju.
3. Við tókum þá ákvörðun að fela líf okkar og vilja umsjá Guðs, *samkvæmt skilningi okkar á honum*.
4. Við gerðum rækilega og óttalaust siðferðileg reikningsskil í lífi okkar.
5. Við játuðum misgjörðir okkar fyrir Guði, sjálfum okkur og annarri manneskju og nákvæmlega hvað í þeim fólst.
6. Við vorum þess alþúin að láta Guð fjarlægja alla skapgerðarrestina.
7. Við báðum Guð í auðmýkt að losa okkur við brestina.
8. Við skráðum misgjörðir okkar gagnvart náunganum og urðum fús til að bæta fyrir þær.
9. Við bættum fyrir brot okkar milliliðalaust svo framarlega sem það særði engan.
10. Við iðkuðum stöðuga sjálfsrannsókn og þegar út af bar viðurkenndum yfirsjónir okkar umsvifalaust.
11. Við leituðumst við með bæn og hugleiðslu að styrkja vitundarsamband okkar við Guð, *samkvæmt skilningi okkar á honum*, og báðum um það eitt að vita vilja hans og hafa mátt til að framkvæma hann.
12. Við urðum fyrir andlegri vakningu er við stigum þessi spor og reyndum því að flytja öðrum alkóhólistum þennan boðskap og fylgja þessum meginreglum í lífi okkar og starfi.

## B Viðauki

### B.1 Tólf erfðavenjur AA, styttri útgáfa

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins er undir einingu AA-samtakanna kominn.
2. Í málum deilda er aðeins einn leiðtogi, kærleiksríkur Guð eins og hann birtist okkur í samvisku hvers hóps. Forsvarsmenn okkar eru aðeins þjónar sem við treystum en ekki stjórnendur.
3. Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt. Löngun til að hætta að drekka.
4. Sérhver AA-deild ætti að vera sjálfstæð, nema í málum sem varða aðrar deildir, eða AA-samtökin í heild.
5. Sérhver AA-deild hefur aðeins eitt meginmarkmið: Að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna.
6. AA-deild ætti aldrei að ljá öðrum samtökum eða málstað nafn sitt, fjármagn eða fylgi svo lausafé, eignir eða upphæfð fjarlægi okkur ekki upphaflegum tilgangi.
7. Sérhver AA-deild ætti að standa á eigin fótum og hafna utanaðkomandi fjárhagsaðstoð.
8. Félagar í AA-samtökunum eru ætíð einungis áhugamenn, en þjónustustöðvar okkar mega ráða launað starfsfólk.
9. AA-samtökin sem slík ætti aldrei að skipuleggja en við getum myndað þjónustunefndir og ráð sem eru ábyrg gagnvart þeim sem þau starfa fyrir.
10. AA-samtökin taka ekki afstöðu til annarra mála en sinna eigin. Nafni þeirra ætti því að halda utan við deilur og dægurþras.
11. Afstaða okkar út á við byggist fyrst og fremt á aðlöðun en ekki áróðri. Í fjölmiðlum ættum við alltaf að gæta nafnleyndar.
12. Nafnleyndin er hinn andlegi grundvöllur allra erfðavenja okkar og minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.

## C Viðauki

### C.1 Tólf hugtök AA, styttri útgáfa

1. Endanleg ábyrgð og vald yfir alheimsþjóðþjónustu AA ætti ætíð að hvíla hjá sameiginlegri samvisku félagskapar okkar í heild.
2. Landsþjónusturáðstefna<sup>10</sup> AA-samtakanna er orðin, út frá nánast öllu gagnlegu sjónar-miði, hin raunverulegu rödd og hin virka samviska félagskapar okkar í málefnum er varða heimsþjónustu okkar.
3. Til að tryggja skilvirka forystu ættum við að veita sérhverjum málaliða AA. þ.e. landsþjónusturáðstefnunni, landsþjónustunefnd<sup>11</sup> og samstarfsaðilum hennar, starfsfólki, nefndum og fulltrúum hefðbundinn *rétt til ákvarðana*.
4. Alls staðar þar sem ábyrgð er ættum við að viðhafa hefðbundinn *rétt til þátttöku*, þar sem ábyrgðin á bak við hvert atvæði er í sanngjörnu hlutfalli við ábyrgðina sem hver um sig þarf að leysa af hendi.
5. Á öllum stigum uppbyggingu<sup>12</sup> þjónustu okkar ætti að virða *rétt til að áfrýja*, svo álit minnihlutans fái áheyrn og andóf hvers og eins sé tekið til greina.
6. Ráðstefnan viðurkennir að frumkvæði og ábyrgð á flestum málum er varða alheimþjóðþjónustu sé í höndum fulltrúa landaþjónustunefndar.
7. Stofnskrá<sup>13</sup> og reglugerðir eru lagaleg verkfæri. Þau veita þeim fulltrúum<sup>14</sup> sem sitja í landsþjónustunefnd vald til að stýra og reka öll málefni landsþjónustu AA-samtakanna. Þá er einnig litið svo á að stjórnarskráin sé ekki lagalegt plagg: Hún byggir á erfðavenjunum og afkastagetan veltur á samskotafé AA-samtakanna.
8. Fulltrúar í landsþjónustunefnd eru þeir aðilar sem skipuleggja og stýra heildarstefnu og fjármálum. Þeir hafa yfir umsjón með allri þjónustu (á vegum nefndarinnar). Þeir sinna umsjóninni með því að skipa fulltrúa í þessari þjónustu.
9. Góð forysta er nauðsynleg á öllum stigum þjónustunnar til að tryggja framtíð okkar og öryggi. Í alþjóðþjónustu tekur landaþjónustunefnd að sér aðalforystu.
10. Allri þjónustuábyrð ætti að fylgja sambærilegt þjónustuvald og á umfang slíks valds ávallt að vera skýrt skilgreint.
11. Landsþjónustunefndin ætti alltaf að hafa bestu nefndinar sem völ er á, bestu stjórnendur, starfsfólk og ráðgjafa. Samsetning, hæfisskilyrði, aðferðir og réttindi og skyldur ætti alltaf að taka af alvöru.

---

<sup>10</sup>The General Service Conference

<sup>11</sup>The General Service Board

<sup>12</sup>Structure

<sup>13</sup>Charter

<sup>14</sup>Trustees

12. Landsþjónusturáðstefnan ætti að starfa í anda AA erfðavenjanna, passa upp á að hún verði aldrei staður fyrir vafasaman auðsöfnuð eða völd. Að handbært fé plús varasjóður sé skynsamlegur fjárhagur hennar. Að engir meðlimir hennar skuli settir í stöðu sem hefur algert vald yfir öðrum. Að allar mikilvægar ákvarðanir fáiast með umræðu, kosningum og, þegar mögulegt er, talsverðum meirihluta eða einróma samþykkt. Að engri ákvörðun ráðstefnu sé beint sem refsingu gegn einstaklingum eða stuðli að deilum á opinberum vettvangi. Að ráðstefnan gegni ekki stjórnunarhlutverki, heldur sé hún eins og samtökin, sem hún þjónar, lýðræðisleg í starfi og anda.